

Hampiðjan hf.

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 30. júní 2021**

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 30. júní 2021**

Efnisyfirlit:	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra.....	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda.....	3
Samandreginn rekstrarreikningur.....	4
Yfirlit um heildarafkomu.....	4
Samandreginn efnahagsreikningur.....	5
Yfirlit um breytingar á eigin fé.....	6
Samandregið sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8 - 11

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Skarfagörðum 4
Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samandreginn árs hlutareikningur Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2021 er samstæðureikningur Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 8.975 þúsund evrur og eigið fé í lok þess 135.229 þúsund evrur en af þeirri upphæð eru 13.200 þúsund evrur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Að öðru leyti vísast til árs hlutareiknings um rekstur samstæðunnar á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Tekjur samstæðu Hampiðjunnar á tímabilinu jukust um 8,6% á milli ára og nema 87,6 m. evra samanborið við 80,7 m. evra á sama tímabili árið áður. Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) félagsins jókst á milli tímabila um 12,3% og nemur 15,7 m. evra samanborið við 14,0 m. evra árið áður. Hagnaður félagsins jókst einnig á milli tímabila og nam 9,0 m. evra samanborið við 7,9 m. evra á sama tímabili árið 2020.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árs hlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárs hlutareikningur Hampiðjunnar hf. gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2021, rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021.

Það er jafnframt álit okkar að samstæðuárs hlutareikningurinn geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir árs hlutareikning samstæðunnar fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík 26. ágúst 2021

Stjórn:

Vilhjálmur Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Auður Kristín Árnadóttir

Guðmundur Ásgeirsson

Sigrún Þorleifsdóttir

Forstjóri:

Hjörtur Erlendsson

Könnunarítun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hampiðjunnar hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samandregni árshlutareikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík 26. ágúst 2021

PricewaterhouseCoopers ehf

Kristinn F. Kristinsson

Rekstrarreikningur samstæðu

	1.1. - 30.6 2021	1.1. - 30.6 2020
Sala	87.567	80.651
Beinn framleiðslukostnaður	(61.196)	(56.671)
Framlegð	26.371	23.980
Rekstrarkostnaður	(14.091)	(13.111)
Rekstrarhagnaður	12.280	10.869
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1.120)	(1.162)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi	45	34
	(1.075)	(1.128)
Hagnaður fyrir skatta	11.205	9.741
Tekjuskattur	(2.230)	(1.795)
Hagnaður tímabilsins	<u>8.975</u>	<u>7.946</u>
Skipting hagnaðar		
Hluti hluthafa móðurfélagsins	8.013	7.067
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga	962	879
	<u>8.975</u>	<u>7.946</u>
EBITDA	15.740	14.022
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent á hlut)	1,83	1,62

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu

	1.1. - 30.6 2021	1.1. - 30.6 2020
Hagnaður tímabilsins	8.975	7.946
Rekstrarliðir færðir á eigið fé		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga	1.029	(1.566)
Matsbreyting fjárfestingareigna	1.101	0
Heildarafkoma tímabilsins	<u>11.105</u>	<u>6.380</u>
Skipting heildarafkomu		
Hluti hluthafa móðurfélagsins	9.934	5.885
Hluti minnihluta	1.171	495
Heildarafkoma tímabilsins	<u>11.105</u>	<u>6.380</u>

Skýringar á bls. 8 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	30/06 2021	31/12 2020
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	91.371	92.436
Óefnislegar eignir	47.619	45.875
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	1.184	1.139
Fjárfestingareignir	1.488	386
Skuldabréf og langtímakröfur	102	109
Tekjuskattsinnæign	0	29
	<u>141.764</u>	<u>139.974</u>
Veltufjármunir		
Birgðir	69.016	63.630
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	33.018	25.486
Handbært fé	16.337	17.531
	<u>118.371</u>	<u>106.647</u>
Eignir samtals	<u>260.135</u>	<u>246.621</u>
Eigið fé og skuldir	30/06 2021	31/12 2020
Eigið fé		
Hlutfé og yfirverðsreikningur	6.455	6.455
Aðrir varasjóðir	(81)	(901)
Matsbreyting fjárfestingareigna	1.101	0
Annað bundið eigið fé	39.147	35.988
Óráðstafað eigið fé	75.407	74.720
	<u>122.029</u>	<u>116.262</u>
Hlutdeild minnihluta	13.200	12.673
Eigið fé samtals	<u>135.229</u>	<u>128.935</u>
Skuldir		
Langtímaskuldir		
Langtímaskuldir	74.631	72.830
Tekjuskattsskuldbinding	5.214	5.025
	<u>79.845</u>	<u>77.855</u>
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	26.085	20.021
Ógreiddir skattar	1.823	2.007
Skuldir við lánastofnanir	17.153	17.803
	<u>45.061</u>	<u>39.831</u>
Skuldir samtals	<u>124.906</u>	<u>117.686</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>260.135</u>	<u>246.621</u>

Skýringar á bls. 8 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutfé og yfir- verðsreikn.	Aðrir vara- sjóðir	Matsbr. fjárf. eigna	Annað bundið eigið fé	Óráðst. eigið fé	Hlud. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2020	6.455	37	0	28.515	72.342	12.018	119.367
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma janúar til júní 2020 eftir skatta		(1.183)	0	(1)	7.069	495	6.380
Minnihluti, breyting						1.259	1.259
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				629	(629)		0
	0	(1.183)	0	628	6.440	1.754	7.639
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda					(3.623)	(866)	(4.489)
	0	0	0	0	(3.623)	(866)	(4.489)
Staða 30. júní 2020 / 1. júlí 2020	6.455	(1.146)	0	29.143	75.159	12.906	122.517
Breyting v. innleiðingar IFRS 16				36			36
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma júlí til des. 2020 eftir skatta		245	0	1	6.269	857	7.372
Minnihluti, breyting						(756)	(756)
Hl. í afk. dótturfélaga umfr. móttækinn arð				6.808	(6.808)		0
	0	245	0	6.809	(539)	101	6.616
<i>Eigendur:</i>							
Arður til hluthafa					100	(334)	(234)
	0	0	0	0	100	(334)	(234)
Staða 31. desember 2020 / 1. janúar 2021	6.455	(901)	0	35.988	74.720	12.673	128.935
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma janúar til júní 2021 eftir skatta		820	1.101	0	8.013	1.171	11.105
Minnihluti, breyting						(53)	(53)
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				3.159	(3.159)		0
	0	820	1.101	3.159	4.854	1.118	11.052
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda					(4.167)	(591)	(4.758)
	0	0	0	0	(4.167)	(591)	(4.758)
Staða 30. júní 2021	<u>6.455</u>	<u>(81)</u>	<u>1.101</u>	<u>39.147</u>	<u>75.407</u>	<u>13.200</u>	<u>135.229</u>

Innborgað hlutfé er samtals 6.455 þúsund evrur og greinist þannig að innborgað nafnverð er 5.498 þúsund evrur og innborgað yfirverð er 957 þúsund evrur.

Annað bundið eigið fé

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga og hlutdeildarfélaga umfram því sem nemur móttæknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn reikning meðal eigin fjár.

Sjóðstreymi samstæðu

	1.1. - 30.6 2021	1.1. - 30.6 2020
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður	12.280	10.869
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	3.460	3.153
EBITDA	<u>15.740</u>	<u>14.022</u>
Sölutap (-hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna	(534)	(145)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(5.041)	(1.586)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	<u>10.165</u>	<u>12.291</u>
Innborgaðir vextir	166	35
Innborgaður arður	76	0
Greiddir vextir	(1.571)	(1.273)
Greiddir skattar	(2.182)	(1.806)
Handbært fé frá rekstri	<u>6.654</u>	<u>9.247</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna	(1.620)	(6.457)
Kaup og sala óefnislegra eigna	(458)	262
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu handbæru fé	(698)	(5.525)
Fjárfesting og sala í öðrum félögum	(2)	115
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)	<u>(2.778)</u>	<u>(11.605)</u>
Fjármögnunarahreyfingar		
Bankalán, breyting	(497)	4.688
Arður greiddur til hluthafa	(4.167)	0
Arður greiddur til minnihluta	(591)	(866)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)	<u>(5.255)</u>	<u>3.822</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.379)	1.464
Handbært fé í byrjun árs	17.531	10.085
Gengismunur vegna handbærs fjár	185	(435)
Handbært fé í lok tímilsins	<u><u>16.337</u></u>	<u><u>11.114</u></u>

Skýringar á bls. 8 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra. Félagið er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Skarfagörðum 4 í Reykjavík.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Kauphallar OMX á Íslandi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 26. ágúst 2021.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

Fjárfestingareignir hafa verið færðar á kostnaðarverði þar sem markaðsvirði þeirra hefur ekki legið fyrir. Eignarhluti Hampiðjunnar í Síldarvinnslunni hefur þannig verið færður á kostnaðarverði, en við skráningu á félaginu í kauphöllina á árinu liggur nú fyrir markaðsvirði á eignarhlutum í félaginu. Bréfin eru því nú færð á gangvirði í gegn um aðra heildarafkomu.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandi og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2020.

3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Skýringar

4. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir

Samstæðan skiptist í fimm starfspætti eftir félögum innan samstæðunnar:

- Starfspáttur 1.** Starfsemi Hampiðjunnar sem er veiðarfæragerð, endursala og fjárfestingar. Starfsemi Hampidjan Baltic í Litháen, sem er verksmiðjuframleiðsla á netum, köolum og ofurtógi. Starfsemi Otter er eignarhald á einkaleyfum.
- Starfspáttur 2.** Starfsemi veiðarfærafélaganna í Swan Net Gundry á Írlandi og tengdra félaga ásamt Jackson Trawls og Jackson Offshore Supply í Skotlandi.
- Starfspáttur 3.** Starfsemi veiðarfærafélagsins Cosmos Trawl og dótturfélaganna Nordsötrawl og Strandby Net.
- Starfspáttur 4.** Starfsemi veiðarfærafélaganna Hampidjan New Zealand, Hampidjan Canada, Hampidjan USA og dótturfélagsins Swan net USA, Hampidjan Australia, Hampiðjan Ísland, Voot, Fasteignafélagsins Miðhúsa, Hampiðjan TorNet og Hampiðjan Offshore.
- Starfspáttur 5.** Starfsemi veiðarfærafélagsins P/F Von og dótturfélaganna P/F Vónin, Vónin Refa, Qalut Vónin, Vónin Lithuania, Vónin Canada og Vónin Ísland.

Janúar til júní 2021	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
Rekstrartekjur	22.654	11.596	8.910	32.176	36.162	(23.931)	87.567
Beinn framl.kostn	(19.069)	(8.252)	(6.723)	(24.519)	(25.821)	23.188	(61.196)
	3.585	3.344	2.187	7.657	10.341		26.371
Rekstrarkostnaður	(2.654)	(1.545)	(1.198)	(4.382)	(5.056)	744	(14.091)
Rekstrarhagnaður	931	1.799	989	3.275	5.285		12.280
Sem hlutfall af rekstrartekjum	4%	16%	11%	10%	15%		14%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(556)	29	(33)	(248)	(312)		(1.120)
Hlutdeildarafkoma	45	0	0	0	0		45
Tekjuskattur	21	(391)	(193)	(690)	(977)		(2.230)
Hagnaður ársins	441	1.437	763	2.337	3.996		8.975
Afskriftir fastafjármuna	858	266	313	758	1.265		3.460
Kaup/sala fastafjármuna	(921)	1.672	168	(874)	(2.122)		(2.077)
EBITDA	1.791	2.065	1.302	4.032	6.550		15.740

Janúar til júní 2020	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
Rekstrartekjur	22.663	8.894	9.574	25.740	35.158	(21.378)	80.651
Beinn framl.kostn	(18.731)	(6.250)	(6.971)	(20.158)	(25.154)	20.593	(56.671)
	3.932	2.644	2.603	5.582	10.004		23.980
Rekstrarkostnaður	(2.856)	(1.423)	(1.088)	(3.840)	(4.690)	786	(13.111)
Rekstrarhagnaður	1.076	1.221	1.515	1.742	5.314		10.869
Sem hlutfall af rekstrartekjum	5%	14%	16%	7%	15%		13%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(852)	(28)	(63)	6	(225)		(1.162)
Hlutdeildarafkoma	34	0	0	0	0		34
Tekjuskattur	(95)	(208)	(301)	(121)	(1.070)		(1.795)
Hagnaður ársins	163	985	1.151	1.627	4.019		7.946
Afskriftir fastafjármuna	816	266	302	674	1.095		3.153
Kaup/s. fastafjármuna	(2.156)	(107)	(68)	(1.803)	(2.061)		(6.195)
EBITDA	1.893	1.487	1.818	2.415	6.409		14.022

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
Heildareignir starfspáttar							
30. júní 2021	80.905	32.021	18.016	58.642	102.456	(31.905)	260.135
31. desember 2020	76.867	29.359	19.101	53.694	99.890	(32.290)	246.621
Heildarskuldir starfspáttar							
30. júní 2021	78.961	5.051	7.726	34.035	30.949	(31.816)	124.906
31. desember 2020	76.818	3.290	8.814	31.170	29.884	(32.290)	117.686

Skýringar

5. Árs helmingayfirlit*

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árs helminga:

	jan.-jún. 2021	júlí - des. 2020	jan.-jún. 2020	júlí - des. 2019	jan.-jún. 2019	júlí - des. 2018
Rekstrartekjur	87.567	81.184	80.651	76.515	85.311	75.632
Rekstrargjöld án afskrifta	(71.827)	(67.711)	(66.629)	(64.421)	(73.373)	(65.106)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	15.740	13.473	14.022	12.094	11.938	10.526
Afskriftir	(3.460)	(2.892)	(3.153)	(2.604)	(2.715)	(2.002)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	12.280	10.581	10.869	9.490	9.223	8.524
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.075)	(1.378)	(1.128)	(1.066)	(1.232)	(1.148)
Hagnaður fyrir skatta	11.205	9.203	9.741	8.424	7.991	7.376
Tekjuskattur	(2.230)	(2.027)	(1.795)	(1.400)	(1.626)	(1.459)
Hagnaður árs helminga	8.975	7.176	7.946	7.024	6.365	5.917

*Fjárhæðir í árs helmingayfirlitum eru óendurskoðaðar

6. Yfirlit yfir félög í samstæðu

Nafn félags	Staðsetning	Starfsemi	Eignarhluti í eigu samstæðu	Eignarhluti í eigu minnihluta
Hampidjan Baltic UAB	Litháen	Veiðarfæraefnisfrl.	100%	
Hampidjan Australia Ltd	Ástralía	Veiðarfæragerð	80%	20%
Hampidjan New Zealand Ltd	Nýja Sjáland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan Canada Ltd	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Eignarhaldsfélag	100%	
Swan Net USA, dótturfélag Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	75%	25%
OTTER Ultra Low Drag Ltd	Cayman Is	Eignarhaldsfélag	100%	
Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	100%	
Nordsötrawl, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	80%	20%
Strandby Net A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	80%	20%
Swan Net Gundry Ltd (SNG)	Írland	Veiðarfæragerð	64%	36%
Costal Cages (Cliabhain Costa Teoranta), dótturf. SNG	Írland	Veiðarfæragerð	64%	36%
Swan Net East Coast Services, dótturfélag SNG	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	64%	36%
SNG Aqua, dótturfélag SNG	Írland	Veiðarfæragerð	64%	36%
Hampiðjan Ísland ehf	Ísland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampiðjan Russia	Rússland	Sölufélag	60%	40%
Voot ehf.	Ísland	Sölufélag	68%	32%
Fasteignafélagið Miðhús ehf	Ísland	Fasteignafélag	53%	47%
Hampidjan TorNet SA	Spánn	Veiðarfæragerð	100%	
P/F Von	Færeyjar	Eignarhaldsfélag	99%	1%
P/F Vónin, dótturfélag P/F Von	Færeyjar	Veiðarfæragerð	100%	
Vonin Canada Ltd, dótturfélag P/F Vónin	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Qalut Vonin, dótturfélag P/F Vónin	Grænland	Veiðarfæragerð	75%	25%
Vónin Ísland ehf, dótturfélag P/F Vónin	Ísland	Veiðarfæragerð	100%	
Volu Ventis ApS, dótturfélag P/F Vónin	Danmörk	Vörubrúun	100%	
Vónin Refa AS, dótturfélag P/F Von	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Heroy Terminal AS, dótturfélag Vónin Refa AS	Noregur	Fasteignafélag	100%	
UAB Vónin Lithuania, dótturfélag P/F Von	Litháen	Veiðarfæragerð	100%	
Jackson Trawls Ltd	Skotland	Veiðarfæragerð	80%	20%
Jackson Offshore Supply Ltd	Skotland	Sölufélag	80%	20%
Hampiðjan Offshore ehf.	Ísland	Sölufélag	100%	

Skýringar

Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga í lok tímabilsins er 13,2 milljónir evra. Af þeirri fjárhæð er hluti minnihluta í Swan Net Gundry Ltd. 6,5 milljónir evra. Aðrir hlutar minnihluta eru í Hampidjan USA, Cosmos Trawl A/S, P/F Von, Hampidjan Australia, Voot ehf, Fasteignafélaginu Miðhús ehf., Jackson Trawls Ltd og Jackson Offshore Supply Ltd.

Swan Net Gundry Ltd á Írlandi er eina félagið innan samstæðunnar sem telst vera með minnihluta sem er verulegur fyrir samstæðuna. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins koma fram í skýringu nr. 4 um starfspætti, starfspáttur 2.